



# HÖRFUR Í EFNAHAGSMÁLUM HAGSPÁ ASÍ 2013-2015



OKTÓBER 2013

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Samantekt.....	4
Einkaneysla eykst í takt við kaupmátt .....	6
Fjárfesting undir væntingum .....	7
Fjárfesting atvinnuveganna .....	8
Íbúðafjárfesting .....	8
Fjárfesting hins opinbera .....	9
Þröng staða hins opinbera .....	10
Kraftur í útflutningi .....	11
Verðbólga yfir verðból gumarkmiði .....	13
Batnandi staða á vinnumarkaði .....	14
Rofar til í heimsbúskapnum .....	16



## Inngangur

Samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ er dauft yfir íslensku efnahagslífi. Hagvöxtur verður lítil næstu árin og dugar ekki til að vinna bug á atvinnuleysi eða byggja upp þann kaupmátt sem launafólk tapaði í hruninu.

Ein helsta skýringin á því hve erfiðlega gengur að auka verðmætasköpun þjóðfélagsins eru litlar fjárfestingar. Ætla má að hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu í ár verði tæp 13% og hefur þetta hlutfall aðeins einu sinni verið lægra frá lýðveldisstofnun.

Þeir flokkar sem standa að núverandi ríkisstjórn lögðu skiljanlega mikla áherslu á mikilvægi fjárfestinga í aðdraganda kosninga og mátti skilja á þeim að kapp yrði lagt á aukna fjárfestinga kæmust þeir til valda. Það eru því mikil vonbrigði að ekki virðist útlit fyrir nauðsynlega aukningu fjárfestinga á næstu árum og sú litla aukning sem er fyrirsjáanleg er vegna verkefna sem ákveðin voru í tíð fyrri ríkisstjórnar. Má þar nefna uppbyggingu kísilvers á Bakka við Húsavík, fjárfestinga í innviðum á því svæði, byggingu Vaðlaheiðaganga auk þess sem Norðfjarðargöng voru undirbúin og ákveðin í tíð þeirrar ríkisstjórnar. Núverandi ríkisstjórn hefur helst sett sín fingraför á fjárfestingar með því að falla frá fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar enda var það fyrsta verk hennar að afþakka þær tekjur af veiðigjaldi sem áttu að standa undir stórum hluta fjárfestingaráætlunarinnar.

Þá fylgir efnahagsleg óvissa nýrri ríkisstjórn. Boðaðar hafa verið miklar aðgerðir í þágu skuldsettra heimila eða eins og forsætisráðherra komst að orði á Alþingi 10. september: „Í undirbúningi eru róttækustu aðgerðir stjórnvalda nokkurs staðar í veröldinni í þágu skuldsettra heimila.“ Útfærsla þessara aðgerða liggur ekki fyrir en ljóst er að aðgerðirnar geta haft mikil áhrif á þróun efnahagslífsins. Þá hefur ríkisstjórnin sett aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu á ís og forsætisráðherra sagt að íslenska krónan verði gjaldmiðill á Íslandi í fyrirsjáanlegri framtíð. Ríkisstjórnin verður því að sýna með trúverðugum hætti hvernig hún sér fyrir sér stjórn peningamála til framtíðar, hvernig hún ætlar að losa um gjaldeyrishöftin og hvernig hún sér fyrir sér þróun gengis- og verðlags.

Eftir þessu bíða aðilar vinnumarkaðarins. Áhugi er á því bæði meðal verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda að sjá kjara- og efnahagsþróunina hér með svipuðum hætti og á hinum Norðurlöndunum þar sem áhersla er lögð á gengis- og verðstöðugleika og að byggja upp kaupmátt í hægum en öruggum skrefum án þess að skaða samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna. Takist nýrri ríkisstjórn að leggja fram trúverðuga efnahagsstefnu sem tekur á þessum þáttum og ná um hana breiðri sátt eru líkur á að við getum byggt kjarasamninga á Íslandi á svipuðum gildum og frændur okkar á Norðurlöndunum. Slíkt yrði mikill ávinningur fyrir alla.



## SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg ársbreyting	Í ma.kr.	Bráðab.	Spá		
	2012	2012	2013	2014	2015
Einkaneysla	912,9	2,4	1,7	2,0	2,2
Samneysla	430,4	-1,4	0,9	0,7	0,6
Fjármunamyndun	246,9	5,0	-8,8	14,1	16,2
þar af atvinnuvegir	168,6	7,8	-15,5	15,9	18,6
þar af húsnæði	44,9	6,9	6,2	16,6	17,0
þar af hið opinbera	33,5	-9,1	7,3	1,1	3,1
Þjóðarútgjöld	1594,6	1,6	0,4	2,6	3,9
Útflutningur	1009,5	3,8	2,2	2,4	1,7
Innflutningur	905,5	4,7	0,0	3,1	4,3
<b>Landsframleiðsla</b>	<b>1698,5</b>	<b>1,4</b>	<b>1,7</b>	<b>2,2</b>	<b>2,5</b>
Verðbólga <sup>1</sup>		5,2	4,0	3,5	3,6
Atvinnuleysi <sup>2</sup>		5,8	4,7	4,7	4,4
Gengisvísitala <sup>3</sup>		222	222	219	217
Vöru- og þjónustujöfnuður <sup>4</sup>		6,1	5,8	4,9	3,7

<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

<sup>2</sup> Hlutfall af vinnuafli

<sup>3</sup> Ársmeðaltal

<sup>4</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

### Samantekt

Hagdeild ASÍ spáir 1,7% hagvexti í ár, 2,2% á næsta ári og 2,5% árið 2015. Helstu drifkraftar hagvaxtar eru áframhaldandi vöxtur útflutnings ásamt hóflegum vexti í einkaneyslu og fjárfestingum. Fjárfesting dregst saman á þessu ári en fer vaxandi á næstu tveimur árum. Hagvöxtur næstu ára verður í meiri mæli drifinn áfram af vexti þjóðarútgjalda og vægi utanríkisviðskipta minnkar eftir því sem innflutningur eykst.

Helstu breytingar frá síðustu spá hagdeildar í júní eru þær að útlit er fyrir töluvert minni fjárfestingu á spátímanum. Nú er gert ráð fyrir því að fjárfestingar dragist saman um 8,8% á þessu ári en vaxi svo um 14,1% á næsta ári og 16,2% árið 2015. Skýrist þróunin að mestu af minni fjárfestingu atvinnuveganna en ekki er gert ráð fyrir því að uppbygging álvers í Helguvík hefjist á spátímanum. Gert er ráð fyrir því að uppbygging iðnaðarsvæðis á Bakka hefjist á næsta ári auk tengdra fjárfestinga í orkumannvirkjum og innviðum.



---

Einnig eru framkvæmdir við fangelsi á Hólmsheiði, Vaðlaheiðargöng, Norðfjarðargöng auk almennra samgönguframkvæmda áætlaðar á spátímanum. Á móti falla brott verkefni sem voru hluti af fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar. Því má gera ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera breytist lítið á spátímanum. Íbúðafjárfesting er minni en væntingar voru um í síðustu spá og mun dreifast meira yfir spátímann.

Hagur heimilanna vænkast heldur. Skuldastaðan hefur batnað og dregið hefur úr skuldavandanum. Bætt staða á vinnumarkaði og aukinn kaupmáttur munu leiða til þess að einkaneysla mun aukast á spátímanum þó að áhrifa af tímabundnum aðgerðum til aðstoðar skuldsettum heimilum, s.s. sérstakri vaxtaniðurgreiðslu o.fl., njóti ekki lengur.

Síðustu fjögur ár hefur samneyslan dregist saman. Nú eru horfur á hægum viðsnúningi en erfið fjárhagsstaða ríkis og sveitarfélaga setur vextinum mörk.

Útflutningshorfur hafa batnað sem skýrist bæði af fjölgun ferðamanna og auknum aflaheimildum. Innflutningur eykst á tímabilinu samhliða hóflegum vexti í fjárfestingu og einkaneyslu.

Dregið hefur úr sveiflum á gengi krónunnar sem skýrist að einhverju leyti af aðgerðum Seðlabankans sem í maí síðastliðnum boðaði virkari aðgerðir á gjaldeyrismarkaði með það að markmiði að auka gengisstöðugleika. Verðbólguvæntingar eru enn háar þótt horfur hafi batnað. Verðbólguþróun næstu ára mun ráðast af því hvernig til tekst við að tryggja gengisstöðugleika. Gangi spáin eftir verður verðbólga komin niður í 3,3% í lok spátímans.

Staða á vinnumarkaði hefur batnað töluvert og atvinnuleysi verður að jafnaði um 4,7% á yfirstandandi ári sem er um prósentustigi minna en á því síðasta. Ekki er búist við mikilli hjöðnun atvinnuleysis á spátímanum en að bati á vinnumarkaði komi frekar fram í lengri vinnutíma, auknum fjölda starfandi og fækkunar þeirra sem eru utan vinnumarkaðar.


Horfur í heimsbúskapnum hafa vænkast. Dregið hefur úr óvissu í heimshagkerfinu líkt og greina má í nýrri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hóflegur vöxtur verður í Bandaríkjunum og Japan á þessu ári og er útlit fyrir að viðsnúningur verði á evrusvæðinu á næsta ári þegar landsframleiðsla fer vaxandi að nýju í þeim löndum sem illa fóru í kreppuni.

Spáin er háð nokkurri óvissu um þróun efnahagsmála í heiminum, hvernig viðskiptakjör þróast, sem og gengi krónunnar. Þá er mikil óvissa um útfærslu boðaðra skuldaleiðréttinga og losun gjaldeyrishafta.

## Einkaneysla eykst í takt við kaupmátt

Eftir ágætan vöxt einkaneyslu síðustu tvö árin tekur að hægja á vextinum á þessu ári. Á síðasta ári jókst einkaneysla um 2,4% þrátt fyrir 0,8% samdrátt í kaupmætti ráðstöfunartekna. Þar vega þungt minni áhrif aðgerða stjórnvalda en verulega hefur dregið úr útgreiðslu séreignarsparnaðar auk þess sem sérstök vaxtaniðurgreiðsla féll niður á síðasta ári. Ráðstöfunartekjur og einkaneysla munu því á næstu misserum ákvarðast í meiri mæli af kaupmætti launa en tilfærslum og ráðstöfun sparnaðar líkt og undanfarin ár.

Mynd 2. Ársbreyting einkaneyslu



Áhrif minni ráðstöfunartekna komu ekki að fullu fram á síðasta ári en þegar horft er til kortaveltu má sjá vísbendingar um hægjan vöxt einkaneyslunnar á fyrri hluta ársins. Á fyrstu þremur mánuðum ársins dróst kortavelta saman um 0,5% að raunvirði sé borið saman við sama tímabil árið á undan. Útlit er þó fyrir að einkaneysla hafi tekið við sér á öðrum og þriðja ársfjórðungi sé tekið mið af kortaveltu. Þó vekur athygli þegar kortaveltan er greind eftir debet- og kreditkortum að samdrætti í debetkortaveltu hefur að mestu verið mætt með aukinni veltu kreditkorta. Því er mögulegt að einkaneyslu sé ennþá haldið uppi með ráðstöfun sparnaðar og




lántöku sem kynni að skýra fjölgun raðgreiðslulána á síðustu misserum.

Engu að síður hefur staða heimila batnað. Í nýlegu riti Seðlabankans, *Fjármálastöðugleiki*, kemur fram að skuldir heimila hafa minnkað, dregið hefur úr skuldavanda og staða skuldsettustu heimilanna hefur batnað. Eftir því sem líður á spátímann kemur bætt staða á vinnumarkaði, aukinn kaupmáttur og bjartari horfur til með að drífa vöxt einkaneyslu á sama tíma og áhrif af minni tilfærslum og einskíptisaðgerðum fjara út. Samkvæmt spá hagdeildar er útlit fyrir 1,7% vöxt í einkaneyslu á ári og hóflegan vöxt út spátímabilið, 2,0% á næsta ári og 2,2% árið 2015.

## Fjárfesting undir væntingum


Fjárfesting dregst saman um 8,8% á þessu ári en eykst svo út spátímann eða um 14,1% á næsta ári og 16,2% árið 2015 þegar atvinnuvegafjárfesting og íbúðabyggingar taka við sér. Nú er gert ráð fyrir minni vexti fjárfestinga en í spá hagdeildar frá því í sumar sem skýrist af því að ekki er reiknað með að uppbygging álvers í Helguvík hefjist á tímabilinu.

Mynd 3. Ársbreyting fjármunamyndunar





**Mynd 4. Ársbreyting fjármunamyndunar og vöxtur undirliða**



### Fjárfesting atvinnuveganna

Útlit er fyrir 15,5% samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna á þessu ári. Skýrist það að einhverju leyti af minni stóriðjufjárfestingu á þessu ári en einnig hefur minni innflutningur á skipum og flugvélum áhrif en sá liður er bæði óreglulegur og sveiflukenndur og getur gefið villandi sýn á þróun fjárfestinga.

Sé litið framhjá þeim áhrifum er töluverður vöxtur í almennri atvinnuvegafjárfestingu á þessu ári. Forsendur eru fyrir því að sá vöxtur verði áframhaldandi út spátímamann auk þess sem fjárfesting í stóriðju eykst talsvert á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að uppbygging við iðnaðarsvæði á Bakka fari á fullt skrið auk orkuframkvæmda á Norðausturlandi. Hagdeildin spáir því að atvinnuvegafjárfesting aukist um 15,9% á næsta ári og 18,6% árið 2015.

### Íbúðafjárfesting

Aukin velta og fjölgun þinglýstra samninga bendir til þess að staða á húsnæðismarkaði fari batnandi. Bætt fjárhagsstaða heimilanna og minni óvissa í hagkerfinu koma þar til en auk þess setja lýðfræðilegir þættir þrýsting á eftirspurn þegar stórir árgangar ungs



---

fólks koma út á fasteignamarkaðinn. Aðgengi að lánsfé er enn takmarkað og auknar kröfur um eigið fé og greiðslugetu leiða til þess að stór hópur fólks á ekki kost á því að fjárfesta í húsnæði. Þetta eykur mjög eftirspurn eftir leiguhúsnæði og er staðan á leigumarkaði víða erfið. Leiguverð er hátt, stöðugleiki lítill og stuðningur hins opinbera við leigjendur takmarkaður.

Slíkt ástand getur ekki varað lengi, eftirspurnin mun leita í eign eða framboð leiguhúsnæðis mun þurfa að aukast. Líklega munu bæði áhrifin koma fram en nokkuð er um að fagfjárfestar séu meðal kaupenda að nýju húsnæði en einnig má ætla að aukin eftirspurn ferðamanna eftir húsnæði til skammtímaleigu hafi dregið úr framboði á húsnæði til langtímaleigu.

Íbúðafjárfesting hefur farið heldur hægar af stað en spá hagdeildar frá því í sumar gerði ráð fyrir. Umsvif hafa þó aukist og er þess nú vænst að fjárfesting dreifist jafnar yfir spátímann. Hagdeildin spáir því að íbúðafjárfesting aukist um 6,2% á þessu ári, 16,6% á næsta ári og 17% árið 2015.

### **Fjárfesting hins opinbera**

Fjárfesting hins opinbera verður öllu minni á spátímanum en gert var ráð fyrir í síðustu spá. Útlit er fyrir 7,3% vöxt á þessu ári en einungis 1,1% vöxt á næsta ári og 3,1% árið 2015. Skýrist munurinn meðal annars af ákvörðun stjórnvalda um að falla frá fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar auk þess sem ekki er gert ráð fyrir byggingu nýs háskólasjúkrahúss á spátímanum. Hafnar verða framkvæmdir við byggingu Norðfjarðarganga á spátímanum auk þess sem vinna við Vaðlaheiðargöng er þegar hafin. Samhliða uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Bakka tekur ríkið þátt í byggja upp innviði en þar má nefna vega- og hafnaframkvæmdir.



## Þröng staða hins opinbera

Áherslur stjórnvalda í ríkisfjármálum birtust í frumvarpi til fjárlaga sem kynnt var í byrjun október. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að jöfnuður verði á ríkissjóði á árinu 2014 og hafa stjórnvöld lagt höfuðáherslu á þennan þátt. Áætlað er að halli á rekstri ríkissjóðs verði 36 milljarðar króna á þessu ári en hann nam 89 milljörðum króna í fyrra. Mikilvægt er að loka þessu gati til að koma í veg fyrir frekari skuldaföfnun ríkisins. Fjármagnskostnaðar hefur verið þungur baggi á ríkissjóði undanfarin ár og svo verður áfram en samkvæmt ríkisfjármálaáætlun verða vaxtagjöld að jafnaði um 80 milljarðar árlega til ársins 2018. Hvernig til tekst við að ná tókum á ríkisfjármálunum mun einkum ráðast af tvennu: annars vegar af aðhaldi í ríkisrekstrinum en hins vegar og ekki síður af þróun efnahagsmála þar sem áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir að aukin umsvif skili ríkissjóði auknum tekjum.


Til að ná markmiði um jákvæðan heildarjöfnuð ríkissjóðs á árinu 2014 verður í fyrsta lagi gerð krafa um veltutengda hagræðingu hjá ráðuneytum upp á 3,6 milljarða króna. Í öðru lagi nema sértækar aðhaldsaðgerðir 2,6 milljörðum og í þriðja lagi verður fallið frá nýlega höfnum eða óhöfnum verkefnum sem nema 5,8 milljörðum króna. Samanlagt skila þessar aðgerðir 12 milljarða króna sparnaði. Bankaskattur, sem er sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, verður hækkaður og skattstofninn breikkaður þannig að hann nái einnig til fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Gert er ráð fyrir að tekjur af skattinum á næsta ári nemi 14,2 milljörðum en þar af komi 11,3 milljarðar frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð.

Veikleikar frumvarpsins snúa einkum að því að tekjur ríkisins á næsta ári kunna að vera ofmetnar þar sem þær eru áætlaðar út frá nokkuð bjartsýnum forsendum og einnig ríkir ákveðin óvissa um skattheimtu af þrotabúum bankanna.

Rekstur sveitarfélaganna hefur verið erfiður á liðnum árum og þungar afborganir af lánum á yfirstandandi ári reyndust mörgum þeirra erfið. Skuldastaða sveitarfélaganna fer batnandi þegar horft er á árshlutauppgjör þeirra. Uppgjör síðasta árs gaf til kynna að framlegð sveitarfélaganna hafi aukist um allt að 2% að meðaltali milli ára og að mun fleiri sveitarfélög hafi skilað jákvæðri rekstrarafkomu árið 2012. Þetta á einkum við um verst stöddu

sveitarfélögin. Þótt rekstrarafkoma sveitarfélaga fari batnandi er ljóst að skuldastaða margra þeirra er viðkvæm og töluvert yfir því skuldaviðmiði sem sett er í sveitarstjórnarlögum.

**Mynd 6. Ársbreyting samneyslu**




Útgjöld hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, til samneyslu drógust saman um 1,5% í fyrra en það var fjórða árið í röð sem samneysluútgjöld drógust saman. Nýjar áherslur fylgja nýrri ríkisstjórn og því er talsverð óvissa um þróun samneyslu á næstunni. Í spánni er gert ráð fyrir að samneysla vaxi um 0,9 í ár og aukist lítillega á næstu tveimur árum, um 0,7% árið 2014 og 0,6% árið 2015.

## **Kraftur í útflutningi**


Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar hefur verið töluvert síðustu ár. Útflutningur jókst mikið á sama tíma og verulega dró úr innflutningi sem skilaði sér í jákvæðum vöruskiptajöfnuði. Þannig nam afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum 6,1% af landsframleiðslu á síðasta ári. Útlit er fyrir áframhaldandi afgang á næstu árum eða 5,8% á þessu ári, 4,9% á næsta ári og 3,7% árið 2015.

**Mynd 7. Vöxtur útflutnings**



Þess er vænst að útflutningur fari áfram vaxandi á næstu árum þó hægja taki á vextinum. Fjölgun ferðamanna og auknar aflaheimildir verða megin drifkraftar vaxtar en framleiðsla álafurða eykst einnig nokkuð. Hagdeildin spáir því að vöxtur útflutnings verði að jafnaði 2,1% á spátímabilinu en mestu vöxtur verður á næsta ári, 2,4%.

**Mynd 8. Vöxtur innflutnings**




Gert er ráð fyrir að innflutningur standi í stað á þessu ári en minni innflutningur óreglulegra liða, þ.e. skipa og flugvéla, skekkir að einhverju leyti stöðuna. Innflutningur mun aukast samhliða auknum umsvifum á tímabilinu. Hagdeildin spáir 3,1% vexti innflutnings á næsta ári og 4,3% árið 2015. Þetta er öllu minni innflutningur en gert var ráð fyrir í síðustu spá sem skýrist að mestu af minni væntingum um fjárfestingar.



## Verðbólga yfir verðbólguþröngun

Verðbólga hefur hjaðnað það sem af er ári og nam ársþækkun vísitölu neysluverðs 3,6% í október samanborið við 4,2% á sama tíma í fyrra. Verðbólga síðasta árs á rætur sínar að mestu í þækkunum á dagvöru, þjónustu og húsnæði. Þótt verulega hafi dregið úr sveiflum í verðlagi samanborið við síðustu ár leiðir viðvarandi verðbólga í ljós hvernig verðlagshækkunarir mótast af viðvarandi háum verðbólguþröngunum.

Mynd 9. Verðbólga á ársgrundvelli




Minni sveiflur í verðlagi kunna m.a. að skýrast af stefnubreytingu Seðlabankans sem tilkynnti í maí síðastliðnum að inngrípum á gjaldeyrismarkaði yrði í meiri mæli beitt til þess að draga úr sveiflum í gengi krónunnar.

Gengi krónunnar hefur því verið stöðugra á þessu ári samanborið við síðustu ár þegar bar á árstíðarbundnum sveiflum þannig að krónan styrktist yfir sumarmánuðina m.a. vegna fjölgunar ferðamanna en veiktist svo yfir vetrartímam. Þrátt fyrir minni sveiflur í gengi krónunnar valda háar verðbólguþröngunar því að veiking krónunnar skilar sér hratt til þækkunar á verðlagi en styrking skilar sér mun síður til lækkunar.



## Mynd 10. Gengisvísitala krónunnar



Aukin áhersla á gengisstöðugleika er því lykilatriði til að ná niður verðbólgu. Því mun það ráðast á komandi vetri hvort stefnubreytingin hafi nægan trúverðugleika þannig að það takist að beisla verðbólguvæntingar við markmið Seðlabankans. Takist það eru forsendur til staðar fyrir hjöðnun verðbólgu á næstu árum.

Spáð er að heldur dragi úr sveiflum í verðlagi. Verðbólga verður að jafnaði 4% á þessu ári, 3,5% á því næsta og 3,6% árið 2015 en verður komin í 3,3% í lok spátímans.

## Batnandi staða á vinnumarkaði

Staðan á vinnumarkaði hefur batnað mikið undanfarin tvö ár. Í fyrstu dró úr atvinnuleysi samhliða fækkun fólks á vinnumarkaði en síðar kom batinn í ljós með fjölgun starfa og auknum vinnutíma.

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var atvinnuleysi í september 3,8% og fækkaði atvinnulausum um tæplega sex hundruð milli mánaða. Atvinnuleysi hefur ekki verið minna á þessum árstíma síðan haustið 2008. Batinn kemur fram í öllum landshlutum en frá því í september í fyrra hefur fólki án atvinnu fækkað um tæp átján hundruð, þar af um rúmlega fimm hundruð á landsbyggðinni.

Mynd 11. Atvinnuleysi



Hlutfall langtímaatvinnulausra náði hámarki síðasta haust en frá áramótum hefur það haldist stöðugt. Það sem af er þessu ári hafa um 28% atvinnulausra verið án atvinnu lengur en í eitt ár.

Að einhverju leyti skýrist minna skráð atvinnuleysi af þeirri ákvörðun stjórnvalda að fella niður ákvæði um framlengingu bótaréttar en við það féll stór hópur langtímaatvinnulausra af atvinnuleysissskrá hjá Vinnumálastofnun. Þeim til stuðnings var hleypt af stað vinnumarkaðsúrræðinu *Liðsstyrk* en með því voru fyrirtæki og stofnanir hvött til að ráða til sín starfsfólk gegn tímabundnu framlagi frá Vinnumálastofnun. Átakið hefur tryggt tæplega níu hundruð einstaklingum atvinnu.

Ferðapjónusta og mannvirkjagerð hafa dregið vagninn í fjölgun starfa síðustu misseri sem hefur dregið úr atvinnuleysi meðal iðnaðarmanna og ófaglærðra. Hlutfall háskólamenntaðra á atvinnuleysissskrá hefur hins vegar aldrei verið hærra og eru nú yfir 20% atvinnulausra með háskólapróf sem er meira en tvöföldun á nokkrum árum.

Staða atvinnugreinanna er misjöfn sem leiðir til þess að fyrirtækin hafa brugðist með misjöfnum hætti við viðsnúningi í efnahagslífinu. Í efnahagshruninu fækkaði vinnustundum hjá hverjum einstaklingi á vinnumarkaði sem m.a. birtist í því að einstaklingum í hlutastörfum fjölgaði. Nokkuð rými var því innan margra fyrirtækja til að auka umsvif án þess að fjölga starfsfólki.

Ólíklegt er að atvinnuleysi verði á næstu árum í takt við árin fyrir hrun. Batinn á vinnumarkaði mun fremur koma fram í fjölgun vinnustunda, aukinni framleiðni og fjölgun starfandi. Þannig gerir





---

spá hagdeildar ráð fyrir að atvinnuleysi verði að jafnaði um 4,7% á þessu ári og því næsta og 4,4% árið 2015.

## Rofar til í heimsbúskapnum

Útlit er fyrir að bati í heimsbúskapnum hafi fest sig í sessi í helstu viðskiptalöndum Íslands. Hæst ber betri staða í Bandaríkjunum, Japan og lykilhagkerfum evrusvæðisins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir að jafnaði 2% hagvexti í þróuðum ríkjum á næsta ári miðað við 1,2% vöxt á þessu ári. Spáð er viðsnúningi á mikilvægum útflutningsmörkuðum Íslendinga en útlit er fyrir hægari vöxt á Ítalíu og Spáni eftir samdráttarskeið. Óvissuþættir í heimsbúskapnum eru að mestu bundnir við vöxt í nýmarkaðsríkjum en útlit er fyrir að draga muni úr miklum vaxtaraða ríkja á borð við Kína.

Staðan í nágrannalöndum er einnig þokkaleg en þrátt fyrir að Norðurlöndin hafi að mestu sloppið við verstu afleiðingar alþjóðakreppunnar hafa þau eftir sem áður glímt við litla eftirspurn eftir útflutningsafurðum sínum, mikið atvinnuleysi og slaka í hagkerfinu. Útlit er fyrir áframhaldandi bata á Norðurlöndum og fjölgun starfandi einstaklinga. Undantekningin hér er þó Finnland sem þarf að aðlagast breytingum hjá einu stærsta fyrirtæki landsins, Nokia, en í Finnlandi er spáð samdrætti í landsframleiðsla á þessu ári.